



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

3. tbl. 2009, - 19. árg.
September/október 2009

Golfmót FÍL

Hið árlega golfmót FÍL verður haldið föstudaginn 2. október á Kikiua Country Club in Canch.

Fyrsti teigtími er klukkan 11:00. Hámarksfjöldi er 40 manns, og eru nú þegar um 20 manns búnir að skrá sig. Keppt verður í Stableford punktkeppni og er hámarksforgjöf (sem nota má í keppninni) 36 fyrir karla og konur. Þeir sem eru með hærri forgjöf þ.e. 37 - 45, mega taka þátt en einungis nota 36 sem sína forgjöf. Teigar eru gulir og rauðir, mótsgjald er 65 €.

Skrá sig með að senda tölvupóst á:
Lárus: l.sigurdsson@banquehavilland.com
Björn: b.knutsson@banquehavilland.com

Vinsamlegast takið fram forgjöf í tölvupóstinum sem og hvort fólk hyggst mæta í kvöldverðinn eftir hringinn.

Golfnefndin

Aðalfundur Spuna

Aðalfundur Leikklúbbsin Spuna verður haldin þriðjudaginn 6. október 2009 kl. 20:30 í Top Squash í Sandweiler.

Venjuleg aðalfundarstörf, kosning nýrrar stjórnar og önnur mál.

Leikklúbburinn vill endilega fá nýtt blóð í klúbbinn og býður öllum þeim sem hafa áhuga á að starfa með að mæta á þennan fund.

Stjórn Spuna

Echternachganga

Haldinn sunnudaginn 11. október næstkomandi kl. 14:00.

Eins og undanfarin ár verða til sölu grillaðar íslenskar pylsur með öllu tilheyrandi eftir gönguna, ásamt því að selt verður íslenskt sælgæti.

Mæting er við bílastæðið fyrir norðan vatnið. Leiðin verður merkt vegvísunum með íslenska fánanum.

Tilvalið er að taka barnavagnana, kerrurnar, þríhjólin, hjólin, hlaupahjólin og/eða línuskautana með fyrir börnin.

Vonandi verða veðurguðir okkur hliðhollir en endilega takið með hlífðarfatnað og stóla, ef fólk vill sitja.

Stjórn FÍL

Kvennakórinn

Æfingar hefjast fimmtudaginn 1. okt. kl. 19.00-21.00, staðsetning nánar auglýst.

Kórstjóri er Alma Thomas.

Fyrir utan að starfa sem kirkjukór erum við að æfa ýmsar bráðskemmtilegar og krefjandi útgáfur af íslenskum og enskum þekktum lögum.

Allar söngelskandi konur hjartanlega velkomnar.

Áhugasamar hafi samband við Íris, sími (691) 780 510,

iristhorkels@yahoo.co.uk

Það er bara svo gaman og gott fyrir sálina að syngja svolítið saman!

Félagsgjöld

Árgjald er 40 € fyrir einstakling og 80 € fyrir fjölskyldu.

Félagssárið er frá 1.4. '09 - 31.3 '10.

Stjórnin vill benda félagsmönnum á að gera "Ordre Permanent", þá greiðast félagsgjöldin sjálfkrafa 1. apríl ár hvert.

Það er mjög mikilvægt fyrir starfsemi félagsins að félagsmenn greiði því þetta eru jú peningarnir sem við notum í reksturinn.

Stjórn FÍL

Útlendingahátíð Niederanven

Þann 4. október er útlendingahátíð í Am Sand í Niederanven.

Leikklúbburinn Spuni verður þar með íslenskan bás og vantar sjálfboðaliða til að hjálpa til.

Nánar auglýst á e-mail eftir helgi

Leikklúbburinn Spuni



Guðspjónusta

Guðspjónusta verður haldin sunnudaginn 18. október kl. 14:00 í kirkju hinnar heilögu þrenningar (mótmælendakirkjunnar), 5 rue de la Congrégation, Luxembourg.

Sr. Sigurður Arnarson, sendiráðsprestur í Lundúnum predikar,

Kór íslenska safnaðarins í Luxembourg syngur

Organisti Paul Kaiser

Kórstjórn Íris Þorkelsdóttir

Næg bílastæði eru í nærliggjandi bílageymslum

Mætum vel og tímanlega

Kirkjunefndin

Haust sala

La Leche League Luxembourg asbl er með haust sölu (Autumn sale), laugardaginn 17. október í Centre Culturel de Beggen.

Opnar kl. 10:30

Notuð föt, barnadót og annar varningur fyrir smábörn, börn og verðandi mæður.

Upplýsingar: sími 71 08 61

Netfang: lalecheleague@internet.lu

La Leche League Luxembourg asbl
Non-profit-making organisation promotin breastfeeding and supporting nursing mothers by practical help and research.

Rope Yoga

Kennsla fer fram í Top Squash í Sandweiler

Námskeið hefjast þriðjudaginn 22.09 og er til 17.12.09, (tímar falla niður dagana í nóvember vegna skólafrís)

Námskeiðið stendur yfir í 12 vikur, 2x 70mín á viku : Þriðjudaga og fimmtudaga

Hópur I: Kl. 8:30 - 9:40

Byrjenda hópur II: Kl. 9:55 - 11:05

Möguleiki er á að bæta við tímum eftir sér-óskum Æskilegur fjöldi 6 - 8 persónur. Einnig eru í boði einkatímar 70mín og 90mín.

Markmið námskeiðsins er að nemendur njóti betri tengsla við eigin líkama og huga. Lögð er áhersla á andlegt og líkamlegt atgervi og að nemandinn öðlist aukinn styrk, samhæfingu og liðleika. Farið er í gegnum heilsuræktarkerfi Rope Yoga í bekkjunum og kenndir grunnþættir öndunar og slökunar og hugleiðslu, ásamt teygju- og flæði-æfingum.

Farið er í undirstöðuatriði 7. þrepa hugræktarkenninga Rope Yoga með sérstaka áherslu á að efla jákvæða sjálfsmynd, mikilvægi rétttrar næringar og margt fleira skemmtilegt.

Elísabet Finnbogadóttir, Gsm: 621 266 578

Spinning

Verð með spinningtíma á mánudags og fimmtudagsmorgnum kl 09:00 í top Squash í Sandweiler.

Vinsamlegast skráið ykkur sem fyrst.

Fyrsti tími verður fimmtudaginn 1. október.

Hrenfa Einarsdóttir

Sími: 355 443

Gsm: 621 276 164

Höfuðbeina og spjaldhryggsjöfnun

Stefanía Ólafsdóttir verður í Lúxembúrg frá 19. til 30 nóvember. Tímappantani: sími +354 517 4290, +354 868 2880, nyjaland@gmail.com



Íslensku kennsla

Nú er svo komið að ekki hefur verið auglýst íslensku kennsla fyrir börnin sem ganga í lókal skólann hér í Lúxembúrg. Ástæðan er sú að í fyrra vetur vor 2 börn sem sóttu kennsluna.

Nú þurfum við að heyra frá ykkur félagsmenn sem eigið börn á aldrinum 6-12 ára og hafið áhuga á að senda þau í íslensku kennslu.

Hægt er að kenna á þriðjudögum eða fimmtudögum eftir háddegi frá ca 13-16, 1½ klst. Eða á laugardags eða sunnudagsmorgnum frá ca 10-12.

Hver kennsludagur er 1½ klst.

Látið endilega heyra í ykkur hvað myndi henta ykkur best.

Skrifa svar á e-mail og senda á fil@islandus.net

Stjórn FÍL

Hrekkjavökuball

Leikklúbburinn Spuni ætlar að halda hrekkjavökuball fyrir yngri kynslóðina 1. nóvember í Am Sand í Niederaanven.

Nánar auglýst síðar

Leikklúbburinn spuni

Baasar International

haldin helgina 28.-29. nóvember .

Einsog alltaf vantar Basar nefndinni fólk þessa helgi svo nú er tilvalið að taka þessa helgi frá og bjóða fram krafta sína. Fyrir þá sem ekki vita þá rennur allur ágóði Basarsnins til líknarmála.

Basarnefndin

Frá formanni

Nú er maður kominn í draumastarfið og orðinn formaður Íslendingafélagsins. En Matta er ekki alveg sloppin, tók að sér að sjá um Brúna og er okkur innan handar enda með margra ára formannsferil að baki og kunnum við henni þakkir fyrir.

Það er ýmislegt á döfinni í nýlendunni hér á næstu mánuðum og hvet ég ykkur til að kíkja á Islandus.net reglulega til að fylgjast með. Torfi Rafn hefur tekið að sér að sjá um vefsíðuna og mun verða reynt að auka fljóbreyttni upplýsinga sem þar eru og setja inn tengla.

Það er frábært fólk með mér í þessari stjórn og væri ég aumur án þeirra. Undirbúningur þorrablóts er vel á veg kominn svo og aðrir atburðir aðrir en þeir hefðbundnu í deigluinni svo eitthvað sé nefnt. Þau eiga öll þakkir skildar.

Þann 18 október verður kveðjumessa séra Sigurðar Arnarsonar hér í Luxembourg. Sigurður tekur við Kársnesprestakalli í Kópavogi og lætur af störfum í London fljótlega. Ég hvet alla til að mæta og kveðja Sigurð þann 18 október.

Það er áhyggjuefni að nú berast þær fréttir frá Íslandi að í þeim hörmungum sem íslenskt fjármálalíf hefur gengið í gegn um undanfarið þá sé stefnan að leggja niður eins mörg af þeim embættum sem prestar hafa erlendis og hægt er. Meginland Evrópu hefur einungis einu sinni haft sinn prest en annars verið sinnt frá London. Það er alveg ljóst að þörfin fyrir þessa þjónustu er fyrir hendi og mun einungis aukast

eftir því sem tíminn líður. En núna virðist þjónustustigið aðeins minnka. Mig langar að biðja fólk að velta þessu fyrir sér.

Gott fólk, þetta er félagið ykkar. Ef þið hafið hugmyndir, athugasemdir eða annað sem varðar félagið látið okkur vita.

Ingi Kristján

Frá ritstýru

Kæru lesendur, þið eruð nú ekki alveg laus við mig ennþá, því nú hef ég tekið að mér að sjá um fréttablaðið Brúnna.

Ég vil biðja fólk að senda efni í Brúnna á netfangið bruin@islandus.net.

Ég ætla að gefa blaðið út mánaðrlega yfir veturinn eða frá september til júní.

Blaðið á að koma út 20 hvers mánaðar.

Þeir sem vilja senda mér/okkur efni í blaðið og/eða breytingar á heimilisfangi, símanúmeri etc. sendi efnið vinsamlegast fyrir 10. dag mánaðarins.

Ef einhver er með hugmynd af dálk sem gæti komið okkur öllum vel þá endilega láta mig vita.

Hlakka bara til að sjá um þetta í vetur og verið óhrædd að koma með hugmyndir.

Matthildur ritstýra



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Heardchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2004-2005

Ingvi Kristján guttormsson, formaður, 350 206, 621 295 185, fil@islandus.net
Elsa Kjartansdóttir, ritari, 26 684 323, 621 572 779, fil.ritari@islandus.net
Sigrún Þorgilsdóttir, gjaldkeri, 26 782 229, 691 552 040, fil.gjaldkeri@islandus.net
Daði Gylfason, meðstjórnandi, 621 252 663
Torfi Halldórsson, meðstjórnandi, 26 747 901, 621 378 620
Heba Brandsdóttir, varamaður, 26 361 384, 621 162 188

Stjórn Kirkjunefndar www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Stefánsdóttir, 789 341
Agnar Sigurvinsson, 435 183

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir, formaður, 691 598 598, ngahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Íris Þorkelsdóttir, gjaldkeri, 780 510,i rsthorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Herdís Þórsdóttir, formaður, 350 206 621 376 290
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri 26 945 006 691 741 858

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Kjartansdóttir 621 572 779 elsakaja@pt.lu
Dagný Broddadóttir 621 541 292 dagny@vma.is

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda var 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Kockelscheuer:

Skautasvellið í Kockelscheuer opnaði 15. september síðastliðinn og er opið til 30. apríl næstkomandi.

Þetta svell er innanhúss.

Opnunartímar:

Mán 16 - 22
Þri - fim 12 - 22
Fös 12 - 23

Lau - sun 10- 23

Inngangseyrir:

Börn (<15 ára) € 2,00

Fullorðnir € 3,00

10 tíma kort börn € 16,00

10 tíma kort full. € 24,00

Skautaleiga € 2,50

Slípun á skautum € 8,00

Upplýsingarí síma 46 74 65

Scanhop:

Frá 1. október er Scanhop með nýja opnunartíma.

Mán - fös 10 - 18:30

Lau 10 - 17

Tónleikar:

Emilíana Torrini heldur tónleika í den Atelier 16. október.

Miða er hægt að kaupa á vef

den Atelier, www.atelier.lu

Miðaverð frá: 26 €

Fótbolti:

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta kemur til Lúxembúrgar og spilar vináttuleik við Lúxembúrg 14. nóvember næstkomandi.

Nánar látið vita seinna hvar leikurinn verður og hvernig hægt er að nálgast miða

er sögð saga hverrar vélar. En framleiddar voru 39 vélar.

Acrylmyndir til sölu:

Sigrún Ingvarsson hefur opnað vefsíðu, www.nurgis.tk.

Þar eru acrylmyndir eftir hana til sýnis og sölu

Sigrún Ingvarsson

Sími 358 207

Gsm 661 919 161

Fæðingar

Endilega sendið okkur línu um fjölgun hjá ykkur

Símaskrá

Breytingar

Sendið okkur nýjar upplýsingar

Nýjir meðlimir

Ert þú meðlimur?

Skráðu þig í félagið okkar á www.islandus.net/lu

Á vinstri hlið er « Ganga í félagið »

Iceland Express Luxembourg - Áfangastöðum

fjölgar; aldrei fleiri

Iceland Express ætla að hefja flug til Lúxemborgar næsta sumar. Flugið verður tvisvar í viku frá og með 1. júní, á þriðjudögum og fimmtudögum. Þar með fjölgar áfangastöðum félagsins í 22 og hafa aldrei verið fleiri. Nýverið hefur félagið tilkynnt um áætlunarflug til Milanó á Ítalíu og Birmingham í Bretlandi.

Íslenskt flugfélag hefur áður flugið til Lúxemborgar, en Loftleiðir hófu flug þangað 21. maí árið 1955 og átti það eftir að standa lengi til mikilla hagsbóta fyrir bæði löndin. Loftleiðamenn gerðu raunar Lúxemborg að aðalstöð sinni í Evrópu, en skömmu áður hafði verið undirritaður loftferðasamningur milli Lúxemborgar og Íslands.

Bóka á www.icelandexpress.de